Samráðsfundur aðildarsveitarfélaga Náttúrustofu Vestfjarða (ársfundur) miðvikudaginn 30. september 2026.

Fundurinn var haldinn í aðsetri Náttúrustofunnar að Aðalstræti 12 í Bolungarvík, en fór einnig fram á Teams. Fundurinn hófst kl. 13:30.

Á fundinn voru boðaðir sveitar- og bæjarstjórar aðildarsveitarfélaganna, fulltrúi Fjórðungssamband Vestfirðinga, aðal- og varafulltrúar í stjórn stofunnar, forstöðumaður stofunnar og fjármálastjóri. Þá var öllu fastráðnu starfsfólki boðið að sitja fundinn sem áheyrendur.

Fundinn sátu í Bolungarvík Sigríður Kristjánsdóttir (f.h. Fjórðungssambands), Catherine Chambers (stjórn), Elísabet Margrét Jónasdóttir (f.h. Súðavíkurhrepps), Friðbjörg Matthíasdóttir (fjármálastjóri), Gylfi Ólafsson (f.h. Ísafjarðarbæjar), Hlynur Reynisson (f.h. Ísafjarðarbæjar), Hulda Birna Albertsdóttir (forstöðumaður), Jóhanna Ósk Halldóttir (f.h. Bolungarvíkurkaupstaðar), Lilja Magnúsdóttir (stjórn), Smári Haraldsson (stjórnarformaður) og Þorbergur Haraldsson (f.h. Bolungarvíkurkaupstaðar).
Á Teams voru Gerður Björk Sveinsdóttir (f.h. Vesturbyggðar) og Aðalsteinn Óskarsson (f.h. Fjórðungssambands).

Guðrún Anna Finnbogadóttir (varastjórn) boðaði forföll.

Eftirtaldir starfsmenn sátu fundinn ýmist á staðnum eða á Teams: Atli Rúnarsson, Cristian Gallo, Freyja Ragnarsdóttir Pedersen, Ingrid Bobeková, Ken-Reesha Alissah Price.

1. Setning fundar.

Formaður, Smári Haraldsson, setti fundinn og kannaði hvort athugasemdir væru við fundarboð eða lögmæti fundarins. Engar athugasemdir komu fram.

2. Kjör fundarstjóra og ritara.

Smári stakk upp á sjálfum sér sem fundarstjóra og Lilju sem fundarritara og var báðar tillögurnar samþykktar samhljóða.

3. Ársskýrsla 2025.

Hulda Birna, forstöðumaður, kynnti starfsemi Náttúrustofunnar og fyrirkomulag og hlutverk stofunnar. Síðan fór Hulda yfir ársskýrslu 2025, sem var 29. starfsár stofunnar.
Sjá nánar í ársskýrslu 2025 á vef Náttúrustofunnar undir *útgefið efni 2025*; vefslóðin https://nave.is/wp-content/uploads/2025/01/Arsskyrsla-2025.pdf

Yfirskrift verkefna Náttúrustofunnar hjá Rannsóknardeild á árinu 2025 voru vöktun fugla, vöktun lykilþátta íslenskrar náttúru, orpið á brúninni: varpárangur tjalda meðfram vegum á

Snæfellsnesi og Vestfjörðum, vöktun sjávarlúsa á villtum laxfiskum á Vestfjörðum og Arnarfjörður á miðöldum.

Hjá Umhverfis- og fornleifadeild var yfirskrift helstu verkefna úttektir vegna skipulags og framkvæmda og úttektir vegna vegaframkvæmda og fiskeldi.

Á árinu 2025 gaf Náttúrustofan út 39 skýrslur og greinar og 17 minnisblöð og greinargerðir.

Á árinu 2025 störfuðu alls 16 manns um lengri eða skemmri tíma; þar af 9 í fullu starfi.

Huldu Birnu var þakkað fyrir góða og vandaða ársskýrslu og starfsfólki öllu fyrir einkar góð störf.

4. Ársreikningur 2025.

Friðbjörg Matthíasdóttir fjármálastjóri fór yfir ársreikning stofunnar fyrir árið 2025. Ársreikningurinn var undirritaður af stjórn og forstöðumanni og Bjarka Bjarnasyni f.h. Endurskoðun Vestfjarða ehf.

Rekstartekjur voru kr. 164.763.832 (144.060.533 árið 2024).
Rekstrargjöld kr. 163.644.234 (142.212.718).
Fjármagnsliðir (fjármagnstekjur – fjármagnsgjöld) voru kr. 591.186 (286.189)
Hagnaður ársins var kr. 1.690.784 (2.134.004).
Í árslok 2025 voru fastafjármunir kr. 5.780.917 (3.074.813)
Veltufjármunir kr. 26.582.529 (19.975.858).
Eignir voru því samtals 32.363.446 (23.050.671).
Eigið fé í árslok var jákvætt um kr. 6.373.998 (4.683.214).

5. Helstu verkefni stofunnar á árinu 2026 og störf Samtaka náttúrustofa (SNS).

Þar sem mjög var liðið á árið 2026 þegar samráðsfundurinn var haldinn þótti rétt að á fundinum væri gerð grein fyrir starfsemi Náttúrustofunnar á árinu. Fór forstöðumaður Hulda Birna því yfir helstu verkefni árið 2026.

Nú starfa 10 manns hjá Náttúrustofu Vestfjarða, þar af 8 í fullu starfi.

Þá rakti Hulda Birna helstu verkefni Samtaka náttúrustofa (SNS) sem eru samtök náttúrustofanna um allt land.

Smári gerði grein fyrir starfi starfshóps um framtíðarfyrirkomulag náttúrustofa, en tveir fulltrúar Samtaka náttúrustofa sitja í starfshópnum. Fram kom að starfshópurinn á að skila niðurstöðu í dag 30.09.2026.

6. Umræður um þriðja til fimmta dagskrárlið.

Smári sagði að stjórn hefði haldið 7 bókaða fundi frá síðasta samráðsfundi 20. maí 2025. Þakkaði hann meðstjórnendum sínum, forstöðumönnum og öðru starfsfólki fyrir gott samstarf og góðan árangur. Sagði hann Náttúrustofuna hafi staðið sig vel og skilað góðu starfi.

Þá rakti Smári í stuttu máli sögu Náttúrustofu Vestfjarða. Fram kom að stofan var stofnuð 1996 og var Bolungarvíkurkaupstaður stofnaðili. Á árinu 2012 bættust Ísafjarðarbær, Súðavíkurhreppur, Strandabyggð, Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur í hóp eigenda.

Ábending kom fram frá Gylfa bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar til fornleifadeildar Náttúrustofu að gera rannsóknir á bæjarhólnum á sjúkrahústúninu á Ísafirði. Einnig kom hann fram með ábendingu um að tæki til rannsókna á bláskel verði keypt af Náttúrustofunni þannig að Náttúrustofan verði þátttakandi í þeirri uppbyggingu sem æskilegt væri að ætti sér stað í ræktun á bláskel. Þá hvatti hann til að birting gagna Náttúrustofunnar yrði sem mest í opnum aðgangi til að vekja athygli á starfi stofunnar. Að lokum kom hann með fyrirspurn um umhverfissjóð sjókvíaeldis og rannsóknir sem hann fjármagnaði.
Hulda Birna svaraði fyrirspurn Gylfa.

Ársreikningur 2025 var síðan borinn upp og samþykktur samhljóma.

7. Stjórnarkjör.

Stjórn Náttúrustofu er skipuð á samráðsfundi aðildarsveitarfélaganna (ársfundi) að loknum almennum sveitarstjórnarkosningum. Sveitarfélög sem starfrækja Náttúrustofuna skipa þrjá fulltrúa í stjórn og er einn þeirra formaður. Varamenn eru skipaðir með sama hætti.

Aðalmenn hingað til hafa Ísafjarðarbær, Bolungarvíkurkaupstaður og Vesturbyggð/Tálknafjarðarhreppur skipað. Varamenn skipa Vesturbyggð/Tálknafjarðarhreppur, Strandabyggð og Súðavíkurhreppur.

Fráfarandi stjórn Náttúrustofunnar var þannig skipuð:
Smári Haraldsson, formaður (f.h. Bolungarvíkurkaupstaðar). Smári gaf ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetur.
Lilja Magnúsdóttir ritari (f.h. Vesturbyggðar).
Catherine P. Chambers (f.h. Ísafjarðarbæjar). Catherine gaf ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetur.

Varamenn voru Matthías Sævar Lýðsson (f.h. Strandabyggð – varamaður Smára), Guðrún Anna Finnbogadóttir (f.h. Vesturbyggðar – varamaður Lilju) og Bragi Þór Thoroddsen (f.h. Súðavíkurhrepps – varamaður Catherine).

Tillögur um nýja meðlimi í stjórn höfðu borist frá aðildarsveitarfélögunum.

> Frá Bolungarvíkurkaupstað Þorbergur Haraldsson.
> Frá Ísafjarðarbæ Hlynur Reynisson.
> Frá Strandabyggð Jón Örn Haraldsson.
> Frá Súðavíkurhreppi Elísabetu Margréti Jónasdóttur.
> Lilja Magnúsdóttir er áfram tilnefnd í stjórn af hálfu Vesturbyggðar og Þórkatla Soffía Ólafsdóttir sem varamaður.

Tillaga kom fram um að Lilja Magnúsdóttir verði kjörin formaður stjórnar og var tillagan samþykkt samhljóða.
Í stjórn voru samhljóða kjörnir aðalmenn Þorbergur Haraldsson og Hlynur Reynisson.

Varamenn voru samhljóða kjörin Elísabet Margrét Jónasdóttir, Jón Örn Haraldsson og Þórkatla Soffía Ólafsdóttir.

8. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna.

Samþykkt var að þóknun stjórnarmanna skuli vera miðuð við sömu forsendur og áður, en formaður fær greidd 5% af þingfararkaupi alþingismanna og aðrir stjórnarmenn 3% fyrir hvern stjórnarfund. Þingfararkaup er nú 1.667.683 kr. á mánuði.

Fráfarandi formanni, Smára Haraldssyni og Catherine P. Chambers sem einnig hættir í stjórn voru þökkuð góð störf fyrir Náttúrustofuna á undanförnum árum og áratugum en Smári hefur setið í stjórn Náttúrustofunnar meira og minna frá stofnun stofunnar 1997. Nýkjörinn formaður og framkvæmdastjóri færðu þeim blómvendi sem þakklætisvott fyrir störf þeirra í þágu stofunnar.

Í lok fundar var fundarstjóra og fundarritara falið að ganga frá fundargerð.

Fundi slitið kl. 15:45

Smári Haraldsson fundarstjóri	Lilja Magnúsdóttir fundarritari